

201. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 4. apríl 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2303187 - Reglur um notendasamninga

Reglur um notendasamninga hjá Akraneskaupstað lagðar fram til staðfestingar.

Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir drög að endurskoðuðum reglum um notendasamninga. Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögunum til kynningar í notendaráði og eftir það til staðfestingar í bæjarráði.

Kristinn Sveinsson vék af fundi undir þessum lið. Sigrún Ríkharðsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

2. 2303188 - Reglur um beingreiðslusamninga

Reglur um beingreiðslusamninga hjá Akraneskaupstað lagðar fram til kynningar.

Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir drög að reglum um beingreiðslusamninga. Velferðar- og mannréttindaráð felur starfsmönnum að vinna áfram að drögunum og koma með fyrir ráðið að nýju í maí. Drögin verða kynnt fyrir notendaráði um málefni fatlaðs fólks á Akranesi.

Kristinn Sveinsson vék af fundi undir þessum lið. Sigrún Ríkharðsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

3. 2303240 - Hækkun tekju- og eignamarka vegna sérstaks húsnæðisstuðnings frá 1. janúar 2023

Þann 21. mars sl. barst tilkynning um hækkun tekju- og eignamarka vegna sérstaks húsnæðisstuðnings, en hækkunin nam 7,4% frá síðustu hækkun þann 1. júní 2022.

Beinir ráðuneytið því til sveitarfélaga að taka mið af framangreindri hækkun við endurskoðun eigin reglna um sérstakan húsnæðisstuðning.

Lagt fram til kynningar.

4. 2303064 - Samstarf um innleiðingu farsældarlaga

Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytis og Akraneskaupstaðar. Akraneskaupstaður óskaði eftir frekari fjárveitingu vegna innleiðingar farsældarlaga í ljósi þess hlutverks sem sveitarfélagið hefur tekið að sér sem frumkvöðlasveitarfélag. Mennta- og barnamálaráðuneyti samþykkti beiðnina og sendi fyrirbyggjandi samning sem hefur verið undirritaður og samþykktur af báðum aðilum.

Lagt fram kynningar.

5. 2303101 - Bifreiðar á velferðar- og mannréttindasvið

Mál er varðar bifreiðar á velferðar- og mannréttindasviði lagt fram til kynningar og umræðu.

Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir fyrirliggjandi skjal yfir núverandi bifreiðar í notkun á velferðar- og mannréttindasviði. Ráðið felur starfsmönnum að vinna að frekari greiningu og kostnaðarmati til að hægt sé meta hagstæðasta fyrirkomulagið á rekstri bifreiða á sviðinu. Ráðið leggur jafnframt til að rætt verði um heildstætt fyrirkomulag á rekstri bíla í notkun hjá Akraneskaupstað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.